

REGLUR

um breytingar á reglum Háskólans á Akureyri um viðurlög við ritstuldi, nr. 757/2006.

1. gr.

1. töluliður 6. gr. reglnanna orðast svo:

Við Háskólann á Akureyri skal starfrækt siðanefnd sem fjallar um kærur vegna meintra tilvika um ritstuld. Formaður siðanefndar er skipaður af háskólaráði samkvæmt tilnefningu rektors. Félag háskólakennara á Akureyri og fulltrúar Félags prófessora sem starfa við Háskólann á Akureyri skipa hvort um sig einn nefndarmann. Þegar siðanefnd berst erindi sem kallar á sérstaka þekkingu getur hún óskað eftir því við rektor að skipaðir verði tveir fulltrúar að auki til þess að fjalla um erindið. Í umboði háskólaráðs skipar rektor þessa tvo fulltrúa að fengnum tilnefningum formanns nefndarinnar. Þegar um ræðir erindi sem snertir nemendur skal kalla til tvo fulltrúa sem stúdentaráð SHA tilnefnir.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 16. júní 2021.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2021